

## Flóafársnefnd – skýrsla vor 2009

Flóafársundirbúningur gekk vel og var byrjað að hita upp og leita að liðsstjórum. Leitinn gekk mjög vel og sýndu nemendur keppninni mikinn áhuga, en að þessu sinni voru það eingöngu nýliðar sem stýrðu liðum, þar sem allir gamlir refir í Fárinu höfðu útskrifast um jól.

Fram komu sex lið, með tveimur liðsstjórum í hverju liði. Mikill hugur var í fólki og hófst mikil smölun. Misvel gekk hjá liðunum að smala, en nefndin raðaði að venju þeim í lið sem ekki voru skráðir.

Í vikunni fyrir Fárið kom svo í ljós að eitt liðanna, Íslenski Herinn, náði ekki að efla anda og koma saman nægilega sterku liði og var því ákveðið að hópliðar dreifðu sér á liðin sem eftir voru. Allt var þetta gert í góðu.

Það voru því 5 lið sem tóku þátt, þau voru eftirtalin: Svörtu kettirnir, Aladdín, The Biggest Looser, Plebbar og Red Necks. Má segja að þau hafi öll staðið sig með þryði og var auðvelt að fá liðin til að fara eftir þeim reglum sem settar eru. Lið Aladdín stóð uppi sem sigurvegari, en mjög gaman var að sjá frumkvæði og hugmyndaauðgi nemenda í öllum liðum, sem endurspegladist í útfærslu heimasvæða, þátttöku í skemmtiatriðum og fleiru.

Í upphitun var brugðið á það ráð að allir nemendur stukku út og föðmuðu skólann og tókst þessi gjörningur vel.

Að venju mættu kappsamir kennarar þrúðbúnir til leiks og voru nokkrir verðlaunaðir fyrir hugvitsamlega búninga.

Eitt atriði mætti bæta fyrir næsta ár, að okkar mati, en það er að auglýst verði (betur) hverjir liðstjórnarnir eru. Þetta þarf að gera vel fyrir Káta daga til að nemendur geti skráð sig í það lið sem þeir vilja vinna með. – Það voru nokkuð margir sem sögðust ekki hafa vitað hverjir voru liðstjórnar.

Erfitt var fyrir nemendur að útvega sér sérstaka boli til að aðgreina liðin vegna erfiðs efnahagsástands en liðin fundu aðrar leiðir í þeim efnunum.

Flóafár tókst því vel að okkar mati og má gera ráð fyrir að um 500 nemendur hafi tekið þátt. Það teljum við vera nokkuð gott.

Guðfinna Gunnarsdóttir

Sigursveinn Sigurðarson

Ragnhildur E. Sigfúsdóttir

Brynjar Þór Elvarsson